

Fer fram á að Þjórsá verði sett í verndarflokk (Holta-, Hvamms- og Urriðafossvirkjanir). Engin ástæða er til að spilla einni fallegustu sveit landsins frekar en orðið er með virkjunum í lífæð hennar Þjórsá. Í meira en áratug hafa íbúar við ána mátt sofna með þá spurningu í huga og vakna með hana á vörum hvort tünnum þeirra verði sökkt undir virkjanalón og umhverfi öllu umturnað. Landsvirkjun hefur sent sína sveina um sveitina og boðið gull og græna skóga þeim sem vildu semja. Sumir hafa bitið á það agn, aðrir hafa lýst efasemdum og enn aðrir vilja vernda þau náttúrugæði sem þeir búa við. Eins og hver getur í sinni hendi séð verður mórallinn meðal íbúa ömurlegur við þessar aðstæður. Verst er jafnvel óvissan, að vita ekki hvað gerist, enginn tekur við búi þar sem hugsanlegt er eða jafnvel líklegt að túnin fari senn undir lón. Umhverfismatið fyrir virkjanirnar er gamalt og í raun rétttri ætti að gera sameiginlegt mat fyrir þær allar og taka sérstakt tillit til áhrifanna á byggð við ána. Verðmætir stofnar lax og silungs eru líka í Þjórsá en hafa lítt verið rannsakaðir með tilliti til áhrifa virkjananna. Mestu skiptir hins vegar að það sem kalla mætti ofsóknir Landsvirkjunar á hendur íbúum við Þjórsá linni. Sendisveinar á vegum þessa fyrirtækis almennings á Íslandi hafa hvað eftir annað farið um sveitirnar og lofað vatnsveitu, betra símasambandi, ljósleiðarastrengjum (í samkeppni við einkafyrirtæki í sveitinni) og fleira mætti telja. Hve langt er hægt að seilast? Þar sem byggð á undir högg að sækja eru sveitarstjórnir veikar, þær vilja bæta kjör síns fólks og hætta til að gína við gullinu. Slík stjórnvöld hafa sýnt sig að fara vel í vasa fyrirbæra sem haga sér eins og Landsvirkjun hefur gert við Þjórsá. Aðferðin er raunar þrautreynd af stórfyrirtækjum og auðhringum víða um heim. Er ekki mál til komið að íbúar við Þjórsá njóti mannréttinda og fái frið fyrir þeim rafmögnum öflum sem hafa ásótt þá hin síðustu ár.

Hjördís Finnbogdóttir